

12

Dauðinn

Hvað verður um manninn þegar hann deyr? Við vitum eitthvað um lífið, hvað það er og þýðir. En hvað gerist eiginlega þegar við deyjum? Hvert förum við? Til himins? Til helvítis? Til limbó? Í hreinsunareldinn? Hvað bíður okkar í myrkrinu sem er framundan? Hvað um ástvini okkar sem eru dánir? Þar sem Biblían er orð Guðs, ættum við þá ekki að leita til hinnar einu áreiðanlegu uppsprettu upplýsinga? Kenning Biblíunnar um dauðann er samkvæm sjálfri sér, ekki ruglingsleg. Sumt getur komið okkur á óvart. En svör hennar eru rökrétt, fullnægjandi og framar öllu, huggunarrík.

1. Hvernig talaði Jesús um dauðann? Jóhannes 11.11-14

2. Hvernig talar Gamla testamentið um dauðann? 5 Mósebók 31.14-16;
2 Samúelsbók 7.12

3. Hvernig skildi Páll ástand hinna dauðu þegar kemur að upprisunni?
1 Þessaloníkubréf 4.15-16; Postulasagan 13.36

4. Hvað um Daníel í Gamla testamentinu? Hvernig skildi hann dauðann og upprisuna?
Daníel 12.2

5. Hvað kenndi Jesús um dauðann og upprisuna? Jóhannes 5.28-29

6. Hver einn er ódauðlegur? 1 Tímóteusarbréf 6.15-16; 1.17

7. Hvernig er mannum lýst í samanburði við Guð? Rómverjabréfið 1.23

8. Hvenær verður maðurinn ódauðlegur? 1 Korintubréf 15.51-54

Ath. Biblían lýsir dauðanum sem svefni oftast en fimmtíu sinnum. Til þess að skilja ástand dauðans eða „svefnisins/hvíldarinnar,“ verðum við fyrst að skilja hvað það er að vera á lífi.

12-2

9. Hvaða tvo hluti sameinaði Guð til þess að gera manninn að lifandi sál? 1 Mósebók 2.7

10. Hvernig er þessu ferli sem Guð notaði til að búa til lifandi sál snúið við þegar við deyjum? Sálarnir 104.29

11. Getur sálin dáið? Esekíel 18.20

12. Hvað verður eftir þegar að lífinu lýkur? 1 Mósebók 3.19

13. Hvernig skilgreinir Biblían „líf“? Jobsbók 27.3 _____

14. Hvað gerist þegar andinn snýr aftur til Guðs? Jobsbók 14.10-12

Ath. Guð setti ekki lifandi sál inn í Adam. Adam varð lifandi sál þegar líkaminn og andardrátturinn (eða lífsandinn) frá Guði sameinuðust. Þegar ljósapera tengist rafmagni fáum við ljós. Enginn setur ljósið í peruna. Ljósið kviknar þegar þessir tveir þættir sameinast. Þegar við síðan aftengjum rafmagnið hættir ljósið að vera til. Samkvæmt Biblíunni er sálin sameining líkama og andardráttar (anda). Þegar andardrátturinn eða „lífsandi“ Guðs yfirgefur líkamann, hættir sálin að vera til.

Mold + lífsandi = sál

Sál – lífsandi = mold

15. Hvað veit maðurinn meðan hann er dáinn? Prédikarinn 9.5-6, 10

16. Geta hinir dánú lofað Guð? Sálarnir 115.17 _____

17. Getur dáin persóna, í formi anda eða draugs, snúið aftur til húss síns? Jobsbók 7.9-10

Ath. Eins og við höfum lært áður, þá geta illir andar framkvæmt kraftaverk og ekki síður þóst vera dáinn ástvinur. Saga er sögð af prédikara sem var að kenna um ástand hinna dánú. Skömmu síðar birtist látin eiginkona eins áheyrandans honum. Hún hafði sömu rödd og sama viðmót og konan hans. Þar sem hann var sannfærður um kenningu Biblíunnar bauð hann „konu“ sinni að fara í nafni Jesú Krists og hún ummyndaðist í illan anda. Sannleikurinn er einungis í orði Guðs.

12-3

Samantekt: Þannig að þegar maður deyr lifir hann ekki annarsstaðar. Hann er hvorki á himni, né í helvíti, né í hreinsunareldinum. Hann er alls ekki á lífi, hvergi, í nokkru formi. Hann er í ómeðvituðu ástandi, rétt eins og hann væri sofandi. Hinir dónu hvíla í friði þar til Jesús kemur aftur. Og ef við stöldrum aðeins við og íhugum þetta, gæti það verið nokkuð betra? Eins og alltaf hefur Guð hagrætt öllu sem best. Í stað þess að leyfa hinum dóna að líta niður af himni og sjá þær þjáningar og sorgir sem brotthvarf hans hefur valdið; í stað þess að leyfa látnum eiginmanni eða eiginkonu sjá maka sinn finna skjótt annan ástvin; í stað þess að leyfa foreldrum að sjá börn sín þjökuð af vandamálum, þá hefur Jesús hagað því þannig að dauðinn er stutt stund ómeðvitaðs svefns. Það eru engar raunir fyrir hina látnu, því þeir eru ómeðvitaðir um hvað tímanum líður. Þeir sofna og á næsta andartaki (fyrir þeim) vakna þeir og hitta ástvini sína og Jesú á upprisudaginn.

Svör við nr. 12

Spurning 1 – Sem svefn

Spurning 2 – Sem hvíld

Spurning 3 – Þeir sofa fram að upprisunni

Spurning 4 – Þeir sofa fram að upprisunni

Spurning 5 – Hinir dónu hvíla í gröfnni fram að upprisu

Spurning 6 – Guð

Spurning 7 – Dauðlegum

Spurning 8 – Við endurkomu Jesú eða í upprisunni

Spurning 9 – Leir jarðar og lífsanda Guðs

Spurning 10 – Þegar lífsandi Guðs er tekinn í burtu deyjum við og verðum að mold

Spurning 11 – Já

Spurning 12 – Mold

Spurning 13 – Sem lífsanda Guðs

Spurning 14 – Þá deyr maðurinn og verður að mold

Spurning 15 – Ekkert

Spurning 16 – Nei

Spurning 17 – Nei